

Kjörstjórn sameiningarkosninga Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

1.fundur haldinn 27. Júní 2025 á skrifstofu Skorradalshreppas

Mættir eru: Óli Rúnar og Fjóla fh Skorradalshrepps og Sveinbjörn, Sóley og Ólafur fh Borgarbyggða:

Óli Rúnar bauð alla velkomna og setti fyrsta fund sem aldurforseti nefndarinnar.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og ritara kjörstjórnar.

Sveinbjörn Eyjólfsson gaf kost á sér sem formann nefndarinnar og var hann einróma kosinn formaður kjörstjórnar. Fjóla Benediktsdóttir var kosinn ritari kjörstjórnar.

Lagt var til að Sveinbjörn myndi setja sig í Samband við Jón Hróa hjá KPMG til að finna fundaríma sem myndi henta fyrir alla til að fara yfir næstu skref í undirbúningi íbúakosninga.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fjóla Benediktsd.
Ólafur Pálsson
Sveinbjörn Eyjólfsson
Sóley B. Þórunn Þórssen
Óli Rúnar

Kjörstjórn sameiningarkosninga Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

2.fundur haldinn 17. Júlí 2025 kl: 15:00 í Eiríksjökli

Mættir eru: Áli Rúnar og Fjóla fh Skorradalshrepps og Sveinbjörn, Sóley og Ólafur fh Borgarbyggðar.

Jón Hrói Finnsson frá KPMG mætti á fundinn sem ráðgjafi og Þórunn Birgisdóttir frá Borgarbyggð

Jón Hrói fór yfir stöðu verkefnisins og búið er að festa kjördaga. Verkefni samstarfsnefndar og kjörstjórnarnar skarast núna að einhverju leyti.

Það þarf að tilkynna til þjóðskrá cg auglýsa í Lögbirtingarblaðinu.

KPMG verður til aðstoðar við kjörstjórnina eftir því sem hún þarf á að halda, frekar en að starfsmaður annars hvors sveitarfélagsins sé fengin í það.

Jöfnunarsjóðu- fjármagnar kosningarnar og aðstoð KPMG á að rúmast innan þann tíma.

Megin atriðið er að kosning hefjist á sama tíma í báðum sveitarfélögum. Það má hafa færaranlegan kjörtstað en auglýsa þarf hann með fyrirvara.

Það þarf að útbúa kjörseðla og kjörgögn og eru gerðar ákveðnar kröfur um grammafjölða í pappír, kjörseðill þarf að vera í 160gr pappír og brotinn saman í prentsmiðju.

Æskilegt era að láta útbúa blindrakjörseðil líka þó svo að það sé ekki tekið fram í neinum lögum og reglugerðum um íbúakosningar.

Auglýsinging í Lögbirtingarblaðið hefur gjarnan veruð undirrituð að formanni samstarfsnefndarinnar. Þjóðskrá útbýr kjörskrá í samræmi við kosningaaldur. Það þarf að auglýsa kjörstaðina og það sé skýrt hvar hægt er að kjósa. Birta auglýsingarnar í heimasíðum sveitarfélaga og á borgfirðing.is. Gott að birta líka á samfélagsmiðlum og staðarmiðlum. Það verður væntanlega sendir út upplýsingamiðlar á heimilin í samráði við samstarfsnefndina. Það þarf líka að aðlýsa hvar og hvenær talning fer fram.

Sveinbjörn bað um hvort að Jón Hrói gæti sent kjörstjórn fyrirmynnd um kjörgögn frá öðrum sveitarfélögum til að styðjast við.

Póstkosningar – þá er skipaður tengiliður til að geta sent fólkki kjörgögn og taka við þeim aftur, halda þarf skrá utan um þau gögn sem send eru og tekið er við. Hægt er að óska eftir því að fá kjörgögnin send í tölvupósti.

Stefnt aftur á fund eftir viku og þé mögulegu með samstarfsnefndinni.

Fleira ekki gert og fundi slítið kl. 16:20.

Fjóla Benediktsd.
Ólafur Pálsson
Þaðin

Sveinbjörn
Sóley Ólafsdóttir

Kjörstjórn sameiningarkosninga Borgarbyggðar og Skorradalshrepps
4.fundur haldinn 6.ágúst 2025 kl: 16:00 á skrifstofu Skorradalshrepps

1. Farið yfir tillögur sem SE og FB gerðu um fyrirkomulag kosninga.

Hugmynd af framkvæmd kosninga um sameiningu sveitarfélaga.

1. Yfirstjórn kosninga er í höndum sameiginlegrar kjörstjórnar.
2. Kosning hefst í báðum sveitarfélögum á sama degi og á sama tíma.
3. Kosning endar í báðum sveitarfélögum á sama degi og á sama tíma.
4. Talning hefst á sama tíma í báðum sveitarfélögum og á sama stað.
5. Annað getur verið mjög ólíkt.
6. Ekki síðar en 4. september hittist kjörnefnd og skiptir atkvæðaseðlum og telur þá á hvorn stað. Kjörseðlar verða settar í kjörkassa og hann innsiglaður. Kjörseðlar eru í tveimur litum fyrir sitthvort sveitarfélagið.

Borgarbyggð:


- a. Kosning hefst föstudaginn 5. september kl 10:00 í Ráðhúsi Borgarbyggðar og opið verður til kl. 14:00.
- b. Útbúin verður aðstaða í sal á jarðhæð (eða öðrum betri stað á jarðhæð)
- c. Ráðin verður manneskja í 1lutastarf til að hafa umsjón með og stýra kosningunni í báðum sveitarfélögum. Sú getur sótt aðstoð í starfsmann Borgarbyggðar (ef samþykki fæst fyrir því).
- d. Sá starfsmaður myndi einnig stýra kosningu á öðrum stöðum, svo sem dvalarheimilinu í Borgarnesi. Ef sérstaklega verður óskað eftir að heimila kosningu á öðrum stöðum verður það skcðað og lagt fyrir sameinginlega kjörnefnd til samþykktar eða höfnunar.
- e. 8., 9., 10., 11., 12., 15., 16., 17., 18. og 19. september verðum hægt að kjósa í Ráðhúsi Borgarbyggðar milli kl 12:00 og 14:00.
- f. Við lok hvers kjördags er ritað í fundargerðarbók hversu margir hafa kosið þann dag. Kjörkassi skal innsiglaður og geymdur í læstri hirslu þar til kosning hefst aftur.
- g. Fimmtudaginn 18. september verða opnaðar kjördeildir í Lindartungu, Píngamri og á Kleppjárnsreykjum. Lindartungu kjördeild verður opin í tvær klukkustundir 18-20, Píngamar og Kleppjárnsreykir í fjórar klukkustundir 16 -20.
- h. Laugardaginn 20.september verður Borgarneskjördeild opin í 6 klukkustundir 10 -16 en þangað meiga líka koma kjósendar úr öðrum kjördeildum Borgarbyggðar.
- i. Vegna þessa er rétt að biðja þjóðskrá að skipta kjörskránni í fernt.

FB
JP
YJ
SBS

- j. 17.september afhendir sameiginleg kjörnefnd viðkomandi kjörstjórnum kjörseðla og kjörskrá er sýnir hverjir hafa greitt atkvæði i hverri kjördeild og fer fjöldi kjörseðla eftir því hvar kjörsókn er orðin í hverri deild. Við lok kjördeilda er afrakstur dagsins færður til bókar og kassinn innsiglaður. Tveir úr hverri kjördeild koma gögnum til skila til sameiginlegrar kjörnefndar, sem klárar sína skýrslu um þátttöku í kosningunni.
- k. Þá getur talning fyrst hafist. Talið verður í Hjálmakletti eða Brún??? Kjörnefnd ræður aðila til að telja atkvæði.
- l. Heimi t er að birta eftir hvern dag hversu mikil kjörsókn er En það er **ALGERLEGA** bannað að gefa upp hverjir hafa kosið

Skorradalshreppur:

- Kosning hefst föstudaginn 5. September kl 10:00 -14:00 í Laugabúð/Hreppslaug. Fyrsta daginr sjá fulltrúar úr kjörnefnd um kosningu
- Útbúin verður aðstaða þa til að kjósandi geti kosið í friði án þess að nokkur sjái.
- Ráðin verður manneskja í hlutastarf til að hafa umsjón með og stýra kosningunni í báðum sveitarfélögum. Sú getur sótt aðstoð í starfsmann Skorradalshrepps eða fulltrúa úr kjörnefnd
- Sá starfsmaður myndi einnig stýra kosningu á öðrum stöðum, svo sem dvalarheimilinu í Borgarnesi. Ef sérstaklega verður óskað eftir að heimila kosningu á öðrum stöðum verður það skoðað og lagt fyrir sameinginlega kjörnefnd til samþykktar eða höfnunar.
- Kjörstaður í Laugabúð/Hreppslaug verður opinn 8., 11., 15. og 18. september milli kl 16:00 og 18:00.
- Við lok hvers kjördags er rítað í fundargerðarbók hversu margir hafa kosið þann dag. Kjörkassi skal innsiglaður og geymdur í læstri hirslu þar til kosning hefst aftur.
- Laugardaginn 20. september verður opnuð kjördeild í Laugabúð/Hreppslaug. Hún verður opin kl: 10 - 16 og lokar á sama tíma og kjördeild í Borgarnesi. Þessum degi er kosningu stýrt af kjörstjórn Skorradalshrepps.
- Þjóðskrá útbýr sérstaka kjörskrá fyrir Skorradal. Sú skal geymd í læstri hirslu þegar ekki er verið að kjósa.
- Þá getur talning fyrst hafist. Talið verður í Hjálmakletti eða Brún? Kjörnefnd ræður aðila til að telja atkvæði.
- Heimilt er að birta eftir hvern dag hversu mikil kjörsókn er En það er **ALGERLEGA** bannað að gefa upp hverjir hafa kosið


 FB
 OP
 SJS
 SBS

Til sérstakrar skoðunar.

- A. Dugar að hafa einn yfir kjórkassa og kosningu? **Hafa alltaf 2**
- B. Má nýta starfsmann sveitarfélags? **Það má ef hann hefur tækifæri til þess.**
- C. Hvernig skal geyma gögn á milli þess sem verið er að kjósa? **Geyma gögn í innsigluðum kössum á læstri skrifstofu.**
- D. Opnurartíma kosninga **Sjá hér fyrir ofan**
- E. Kanna með hvort aðstaða sem nefnd er hér sé laus. **Formaður sameiginlegar kjörnefndar gerir það.**
- F. Er starfsfólk fáanlegt? **Formaður kannar það**
- G. Hver værður kostnaður og hver greiðir? **Sveitarfélögin verða að staðfesta það að þau séu tilbúir að greiða þann kostnað sem til fellur með stuðningi frá jöfnunarsjóði.**

Formaður sendir þessar tillögur til Byggðarráðs Borgarbyggðar og sveitarstjórn Skorradalshrepp til afgreiðslu.

2. Rætt um bréf sem Óli Rúnar hefur sent til Innviðarráðuneytins þar sem hann velti upp ýmsum spurningum um fyrirkomulag íbúakosningar um sameiningakosningu. Það komu greinagóð svör frá Innviðarráðuneytinu eins og t.d. að það megi sitja einn yfir kjórkassa um íbúakosningu. Mjög gott var að fá þær leiðbeiningar sem Innviðarráðuneytið sendi með.
3. Búið er að senda þjóðskrá og Lögbirtingi tilkynningu um kjördaga um sameiningakosningar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps og panta kjörskrá fyrir bæði sveitarfélögin.
4. Fá KPMG til að búa til netfang fyrir póstkosningu t.d. postkosning@borgfirdingur.is og eyðublöð/kjörgögn sem fylgja með utankjörfundaratkvaðum og að KPMG fái form atkvæðaseðilsins staðfest af ráðuneyti sveitarstjórnarmála.
5. Fá leiðbeiningar frá Landskjörstjórn hvort það séu til reglur um hvað þurfi að prenta út að lágmarki fjölda kjörseðla fyrir hvort sveitarfélag og upplýsingar um skýrsluskil að kosningum loknum og hvort eigi að senda einhverjum skýrslu.
6. Fara yfir hvað séu til margir kjórkassar og athuga hvort að útvega þurfi fleiri. Skorradalshreppur þarf að fá annan kjórkassa til að nota undir ónotuð kjörgögn á milli kjördaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 17:41

Fjóla Benediktsd.
Ólafur Pálsson

Sveinbj. Þórh.
Sætur Sigrún Þórh.
Ólafur Pálsson
Ólafur Pálsson